



## STAÐA MÁLS

Málnr.:	<b>Mörg mál</b>
Dags:	<b>2011 - 2020</b>
Staður:	<b>Margar staðsetningar</b>
Lýsing:	<b>Veikindi um borð</b>
Staða máls:	<b>Febrúar 2020: Í rannsókn Janúar 2021: Skýrsludrög í vinnslu Janúar 2022: Lokadrög þemarannsóknar í umsögn</b>

RNSA hefur til rannsóknar atvik vegna veikinda þjónustuliða Boeing 757 og 767 loftfara íslensks flugrekanda, þar sem þeir fundu ýmist fyrir einkennum í flugi og/eða hafa átt við langvinn veikindi að stríða í kjölfar atvikanna.

RNSA skoðar hvort að starfsumhverfi áhafnarliðanna tengist veikindunum.

Fjögur sambærileg mál á B767 flugvélum og fjögur sambærileg mál á B757 flugvélum hafa verið sameinuð þessari rannsókn, auk þess sem tölfraedi sambærilegra atvika yfir 10 ára tímabil á árunum 2011-2020 fyrir flugvélar á íslenskri skráningu var rannsökuð.

Er unnið með öll málin sem eina þemarannsókn.

Í upphafi rannsókna eldri málanna reyndist ekki unnt að komast að líklegri orsök veikindanna, þar sem að hin hefðbundnu rannsóknartæki sem notuð eru við flugslysarannsóknir, sem og tæki um borð í flugvélunum, söfnuðu ekki þeim upplýsingum sem til þurfti.

Eftir því sem leið á rannsóknirnar hóf RNSA einnig að notast við lífsýnatökur sem og efnasýnatökur til þess að aðstoða frekar við rannsóknirnar.

Á síðari stigum rannsóknarinnar gafst RNSA tækifæri á að taka á móti B757 og B767 flugvélum og taka ýmis efnasýni um borð í flugvélunum strax að lokinni landingu sem nefndinni hafði ekki gefist kostur á í fyrri rannsóknum.

Rannsókn RNSA beinist að hreyflum og hreyflaviðhaldi.